

Nr. 54.

30.
júli.

Lög

um

stofnun váttryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alpingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.

2. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett váttryggingarfjellag með gagnkvæmri ábyrgð. Það nefnist »Samábyrgð Íslands á fiskiskipum« og er í lögum þessum nefnt »Samábyrgðin«. Það tekst á hendur:

- a. Endurtrygging á alt að því $\frac{2}{5}$ af tryggingarhæfu verði fyrir íslenzk ábyrgðarfjellög báta og skipa, þau er sjálf taka þátt í áhættunni á $\frac{2}{5}$ hlutum að minsta kosti af verði skipanna og krefjast sjálfsábyrgðar á $\frac{1}{5}$ hluta verðsins að minsta kosti.
- b. Beina váttrygging á bátum og skipum, alt að $\frac{8}{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í fjellögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.
- c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjellagið tekur eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland eða þjónustu við þær veiðar, eða til flutninga við Ísland.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 200,000 kr., að fjellagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur ekki af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur landssjóður til það er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef fjellagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum $4\frac{1}{2}$ % í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa. Nú nemur fje það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meira en 20,000 kr., og skal þá gera váttryggjendum að greiða aukaiðgjald þannig, að það sem fram yfir er 20,000 kr. endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, en ávalt skal gætt ákvæða 6. gr. um takmörk aukaiðgjalds. Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda Samá-Nr. 54. Lög 30. júli um stofnun váttryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

Lov

om

Nr. 54.

30.
Juli.

Oprettelse af en Forsikringsforening for Fiskefartøjer.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ved Skib forstaas i denne Lov alle Skibe og Baade, saavel store som smaa.

§ 2.

Ved Regeringens Foranstaltning oprettes under Navnet Islands Samforsikring for Fiskefartøjer — i det følgende benævnet Samforsikringen — et gensidigt Selskab, der overtager:

- a. Genforsikring af indtil $\frac{2}{5}$ af Kaskoværdien for islandske Forsikringsforeninger for Baade og Skibe, der deltage i Risikoen med mindst $\frac{2}{5}$ og forlange Selvrisko af mindst $\frac{1}{5}$ af Skibenes Værdi;
- b. direkte Forsikring af indtil $\frac{8}{10}$ af Kaskoværdien for Baade og Skibe, som Regel dog kun naar disse ikke kunne optages i en af de Forsikringsforeninger, for hvilke Selskabet genforsikrer;
- c. Interessecforsikring af Fangst, Redskaber og Udrustning mod Totalforlis.

Kun Skibe og Baade bestemte til Fiskeri under Island eller til Virksomhed i Islandsfiskeriets Tjeneste eller til Transportvirksomhed under Island kunne forsikres i Selskabet.

§ 3.

Landskassen indestaar med et Beløb af indtil 200,000 Kr. for, at Selskabet opfylder sine Forpligtelser. Kan Selskabet ikke af egne Midler betale en pligtig Skadeserstatning, tilskydes det manglende af Landskassen, dog aldrig mere end det fornævnte Beløb.

Hvis Selskabet til Udbetaling af Erstatninger har maattet gøre Brug af Landskassens Garanti, skal det modtagne med Tillæg af $4\frac{1}{2}$ pCt. aarlig Rente tilbagebetales efterhaanden som Selskabets Status tillader det. Naar det saaledes modtagne Beløb med paaløbne Renter overstiger 20,000 Kr., skal der paalægges de forsikrede Ekstrapræmie, saaledes at det overskydende Beløb med lagttagelse af den nedenfor i § 6 fastsatte Grænse for Ekstrapræmiens Størrelse kan være Landskassen tilbagebetalt senest i Løbet af 10 Aar. Af Landskassens Garantium kan der straks udbetales

- Nr. 54. byrgðinni alt að 20,000 kr. í starfsfje, en greiða skal af því $4\frac{1}{2}$ % árlega. Endurborga skal þetta fje, þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20,000 kr., þó svo, að sú upphæð sje ekki skert.

4. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 2. gr. a. fyrir innlent váttryggingarfélag, að stjórnarráðið hafi samþykkt reglugjörð þess félags; en samþykki veitir stjórnarráðið því aðeins:

a. að starf fjelagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

a. að fjelagsmenn beri ábyrgð á skyldum fjelagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutfæje eða ábyrgðarfje sje til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

5. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 5,000 kr., þá er um trygging eftir 2. gr. c. er að ræða, á einstöku fari.

6. gr.

Váttryggjendur í Samábyrgðinni — hvort heldur eru einstakir menn eða váttryggingarfjelög — ábyrgjast hver gagnvart öðrum, að hún standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eigna þeirra, er váttrygðar eru þar, og það þannig, að ábyrgðin sje ákveðin í hlutfalli við þann hluta af váttrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Eftir ábyrgðarskyldu váttryggjenda verður að eins gengið á þann hátt, að heimt sjeu inn aukaiðgjöld og mega þau eigi hærri vera neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt.

Nú gengur váttryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af eignum hennar.

7. gr.

Um greiðslu skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugjörð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð landssjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði, er nú skal greina:

- a. Tjón, er eigi nemur 2 % af tryggingarupphæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af váttryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni, eða bjarga öðrum eignum váttrygðum í Samábyrgðinni. Frá skaðabótunum skal ætíð draga 2 % af tryggingarupphæðinni, en þó eigi yfir 300 krónur.
- b. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20 % af skaðabótafjenu. Hafi váttryggjandi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótarskyldu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að borga lán af almanna fje, þar með talin lán úr íslenskum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $\frac{3}{5}$ tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

Nr. 54. Lög 30. júlí um stofnun váttryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

Samforsikringen indtil Kr. 20,000 til Driftskapital, hvoraf svares $4\frac{1}{2}$ pCt. aarlig Rente. Nr. 54.
 Tilbagebetaling af dette Beløb finder Sted af Selskabets Overskud, efter at der er ^{30.}
 henlagt 20,000 Kr. til en fast Reservefond, dog saaledes at dette Beløb ikke angribes. Juli.

§ 4.

Islands Ministerium godkender Statuter, Klassifikations-, Præmie- og Policebetingelser og kontrollerer i det hele Selskabets Virksomhed, saa længe Landskassens Garanti er gældende.

For at Selskabet kan overtage den i § 2 a. nævnte Genforsikring for en indenlandsk Forsikringsforening udkræves, at dennes Vedtægter er godkendte af Ministeriet; til saadan Godkendelse skal i hvert Fald udkræves:

at Grundlaget for Foreningens Virksomhed skønnes at være betryggende,

at Medlemmerne er gensidigt ansvarlige for Foreningens Forpligtelser, medmindre der ved Aktiekapital eller Garantikapital haves Sikkerhed for Opfyldelsen af Forpligtelserne.

§ 5.

Uden Genforsikring maa Selskabet ikke paatage sig højere Forsikring end 15,000 Kr. paa enkelt Køl og 5,000 Kr. i Henhold til § 2 c. paa enkelt Skib.

§ 6.

Interessenterne — saavel de direkte forsikrede som Forsikringsforeningerne — ere gensidigt ansvarlige for de Samforsikringen paahvilende Forpligtelser, enhver dog kun med de til Forsikring indtegnede Ejendele og saaledes, at Ansvaret bestemmes i Forhold til den Del af de indtegnede Værdier, der er forsikret hos Samforsikringen uden af denne paany at være afgiven til Reassurandører.

Ansvaret kan kun gøres gældende hos Interessenterne ved Opkrævning af Ekstrapræmier; disse maa ikke i noget Aar overstige Halvdelen af den betingede aarlige Præmie for de Værdier, som Samforsikringen har beholdt for egen Regning.

Naar en Interessent udtræder af Samforsikringen, maa han betale sin Andel dens ved Udtrædelsestiden paahvilende Forpligtelser, saafremt disse ikke kunne fyldestgøres af Samforsikringens Formue.

§ 7.

De nærmere Regler om Erstatningsbetalingen blive at fastsætte i Statutterne. Saa længe Landskassens Garanti vedvarer, skulle disse dog i hvert Fald indeholde følgende Bestemmelser:

- Skade til Beløb af mindre end 2 pCt. af Forsikringsværdien erstattes ikke, medmindre det drejer sig om Skade paa over 300 Kr. paa enkelt Fartøj eller der foreligger et Offer fra den forsikrede for at undgaa større Skade eller for at bjerge andre i Samforsikringen indtegnede Værdier. I Erstatningen skal der altid afkortes 2 pCt. af Forsikringsværdien, dog ikke over 300 Kr.
 - Bevises det, at Skibsføreren ved Forsæt eller grov Forsømmelighed har forarsaget Skaden, kan der afkortes indtil 20 pCt. af Erstatningssummen. Dobbeltforsikring i svingagtig Hensigt, forsætlig Skadetilføjelse eller grov Forsømmelighed fra den forsikredes Side frier Samforsikringen for ethvert Ansvar. Dog skal Selskabet — med Regres til den skyldige — i alle Tilfælde erstatte, hvad der behøves til Dækning af Laan af offentlige Midler, herunder af islandske Banker og Sparekasser, med Pant i Skibet eller Baaden indtil $\frac{3}{5}$ af Forsikringsværdien.
- Nr. 54. Lov af 30. Juli om Oprettelse af en Forsikringsforening for Fiskefartøjer.

Nr. 54.

30.
júl.

8. gr.

Fjelagið bætir tjón og skaða, er verður af völdum sjávar, storms eða annars óveðurs, af strandi, af því, er skip ber á sker eða á grunn, af skipbroti, kollsigling, ásigling, árekstri, eldi og öðrum slysum.

9. gr.

Halda skal sjórjettarpróf um hvers konar tjón, sem bóta er fyrir krafist eftir lögum þessum, og skal aðalstjórn Samábyrgðarinnar gerð vitneskja um það með nægum fyrirvara, ef unt er.

10. gr.

Þegar váttrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrjetturinn einnig til tryggingarfjárins.

11. gr.

Váttryggingariðgjaldið hvílir á hinu váttrygða skipi og gengur fyrir veðskuldum í 2 ár.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að váttrygt skip eða bátur sje í veði fyrir láni af almanna fje, þar í talin lán íslenskra banka og sparisjóða, má eigi fella skipið úr trygging fyrir þá sök, að iðgjöld sjeu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugjörðir váttryggingarfjelaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau, er getur um í 1. og 2. málslíð greinar þessarar.

12. gr.

Öll skip og bátar, er váttrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita skipum annara fjelaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakáð þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánar fyrir um. Þau mega ekki þiggja hjálp hjá öðrum, ef auðið er að fá hjálp hjá skipum úr sama fjelagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

13. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kys stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu váttryggingarfjelog, er Samábyrgðin er í samvinnu við; í reglugjörðinni, þeirri sem nefnd er í 14. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæzlustjóranna.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Nr. 54. Lög 30. júlí um stofnun váttryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

§ 8.

Selskabet erstatter alt Tab og Skade, der forvoldes ved Søn, Storm eller andet Uvejr, Grundstødning, Skibbrud, Kuldsejling, Paasejling, Ild eller andre Uheld.

Nr. 54.
30.
Juli.

§ 9.

Angaaende alle Skader, der fordres erstattede i Henhold til nærværende Lov, skal der afholdes retsligt Søforhør, til hvilket der saavidt muligt gives Samforsikringens Hovedbestyrelse tilstrækkeligt Varsel.

§ 10.

Naar forsikrede Ejendele ere pantsatte, omfatter Panteretten ogsaa Forsikringssummen.

§ 11.

Forsikringspræmien hviler paa Skibet med Fortrinsret i 2 Aar fremfor Pantebehæftelser.

Præmier og Vurderingsgebyrer kunne inddrives ved Udpantning.

Naar det er anmeldt for Selskabet, at der i et forsikret Fartøj indestaar Laan af offentlige Midler, herunder af islandske Banker og Sparekasser, skal Skibet ikke kunne udslettes af Forsikringen paa Grund af manglende Præmiebetaling, forinden der er givet Panthaveren et passende Varsel til at berigtige Præmiebetalingen. Imod at denne Regel optages i vedkommende Selskabs Statuter, skal de i nærværende Paragrafs 1ste og 2det Stykke nævnte Begunstigelser ved Bekendtgørelse af Islands Ministerium kunne indrømmes Selskaber, for hvilke Samforsikringen genforsikrer.

§ 12.

Alle i Selskabet indtegnede Skibe og Baade ere forpligtede til i Nødstilfælde at yde hinanden Hjælp, ligesom denne skal ydes andre Selskabers Skibe, med hvilke der i saa Henseende er sluttet gensidig Overenskomst. — Vederlaget for saadan Hjælp kan ikke fordres efter almindelige Bjergningsregler, men fastsættes under passende Hensyn til de med Hjælpen forbundne Udgifter og Tab af Samforsikringens Bestyrelse eller efter vedkommendes Begæring ved Voldgift.

Der skal i Nødstilfælde vises en af Samforsikringsbestyrelsen anordnet Stander, og Hjælp maa ikke modtages af andre, naar eget Selskabs Hjælp kan erholdes.

Selskabets Bestyrelse.

§ 13.

Selskabet skal have Hjemsted og Værneting i Reykjavik og ledes af en Bestyrelse paa 3 Medlemmer, nemlig en af Ministeriet for 5 Aar ad Gangen ansat Forretningsfører og 2 kontrollerende Medlemmer, af hvilke den ene indtil videre vælges af Ministeriet, den anden af de indenlandske Forsikringsforeninger, med hvilke Selskabet samvirker; ændrede Regler om Valg af de kontrollerende Medlemmer kunne dog fastsættes i de i § 14 nævnte Statuter.

De kontrollerende Bestyrelsesmedlemmer, hvis Valg gælder for 3 Aar ad Gangen, skulle være bosatte i eller i Nærheden af Reykjavik og erholde et af Ministeriet fastsat mindre Honorar, der — ligesom Forretningsførers Løn — udredes af Selskabet.

Nr. 54. Lov af 30. Juli om Oprettelse af en Forsikringsforening for Fiskefartøjer.

Nr. 54. Stjórn fjelagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu yfirlit yfir starf fjelagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

30.
júli.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag fjelagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn fjelagsins skulu sett í reglugjörð þess. Til kostnaðar við stofnun fjelagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5,000 kr. á ári í fyrstu 5 árin.

14. gr.

Pegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöld þess auk endurtryggingar-iðgjalda fara fram úr 35,000 kr., og varasjóðurinn nemur meira en 50,000 kr., skal stjórnarráðið semja nýja reglugjörð fyrir það, er veiti váttryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi þess, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sje fulltrúaráð.

15. gr.

Ef fjelagið legst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

16. gr.

Agreining milli fjelagsins og þeirra váttryggingarfjelaga, er í samvinnu eru við það, eða váttryggja í því, skal leggja í gerð, ef eigi nemur meira en 1,000 kr.; í gerðardóminn kveður hver málsaðili einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr yfirdómi landsins oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um rjettarfar hans. Nánari ákvæði um gerðardóminn skulu sett í reglugerð fjelagsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

Bestyrelsen skal senest en Maaned efter hvert Kvartals Udløb tilstille Mini-Nr. 54. steriet en summarisk Oversigt over Virksomheden, ligesom Aarsregnskabet forsynet med en Revisors Paategning indsendes til Ministeriet inden 3 Maaneder efter Forsikringsaarets Udløb. 30. Juli.

Ministeriet kan til enhver Tid lade foretage Undersøgelse af Selskabets Forhold og om fornødent sætte det under Kontrolbestyrelse.

Nærmere Regler om Bestyrelsen blive iøvrigt at fastsætte i Selskabets Statuter.

Som Bidrag til Selskabets Etablerings- og Administrationsudgifter udredes der i de første 5 Aar et Tilskud af Landskassen af 5000 Kr. aarlig.

§ 14.

Naar Selskabet har naaet et saadant Omfang, at Aarspræmierne for egen Regning andrage over 35,000 Kr. og Selskabets Reservefond derhos overstiger 50,000 Kr., skal Ministeriet derhos udarbejde nye Statuter, hvorefter der gives Interessenterne en videregaaende Indflydelse paa Selskabets Forhold gennem et Aarsmøde af deres Repræsentanter eller et fast Repræsentantskab.

§ 15.

I Tilfælde af Selskabets Opløsning tilfalder dets Overskud Islands Fiskerifond.

§ 16.

Twistigheder mellem Selskabet og de med dette samarbejdende islandske Forsikringsforeninger eller de direkte Interessenter afgøres, naar Tvisten ikke drejer sig om over 1000 Kr., af en Voldgift, hvortil hver af Parterne vælger et Medlem, medens Ministeriet til Voldgiftsrettens Formand beskikker et Medlem af Lands-overretten.

Voldgiftsretten holdes i Reykjavik og Forretningsgangen bestemmes af Formanden. De nærmere Regler om Voldgiftsretten fastsættes iøvrigt i Selskabets Statuter.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.